

114 Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, 30. júní til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Pálmason.

115

30. júní

AUGLÝSING

um breytingar á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðar, nr. 131 25. júlí 1941.

8. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4% af fasteignamatsverði húanna. Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar sildar greiðist 10 aurar í vatnsgjald. Af hverri tunnu sérverkaðrar sildar greiðist 20 aurar. Af hverri tunnu flakaðrar sildar greiðist 50 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 6 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 20 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 30 aurar.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrr en vatnsskattur af hendi er greiddur, að viðlögðum sektum, samkv. 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. sildarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 30 aura.

Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 800 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða að annast viðhald hans, skal vatnsgjald til sildarverksmiðja vera 5 aurar fyrir hvert mál sildar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu.

Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

12. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Taki skip meira en eina smálest, skulu þau greiða 5 kr. fyrir hverja smálest umfram þá fyrstu. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 115
auglýsingu nr. 188 25. sept. 1945. 30. júní

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

116

1. júlí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtn á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. sept. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, shr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

117

1. júlí

um héraðssundlaug í Laugaskarði í Hveragerði.

1. gr.

Eigendur héraðssundlaugarinnar í Laugaskarði í Hveragerði eru Hveragerðis-hreppur, Ölfushreppur og Ungmennafélag Ölfusinga.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

3. gr.

Fimm manna nefnd annast rekstur laugarinnar. Hreppsnefnd Ölfushrepps og hreppsnefnd Hveragerðishrepps kjósa sinn manninn hvor í nefndina og Ungmennafélag Ölfusinga einn. Sömu aðilar kjósa þrjá varamenn. Skólastjóri garðyrkjuskólans að Reykjum í Hveragerði á sæti í nefndinni, en menntamálaráðuneytið skipar fimmta nefndarmanninn og varamann hans. Starfstímabil sundlaugarnefndar skal vera hið sama og kjörtímabil hreppsnefndanna.

Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

4. gr.

Sundlaugarnefnd ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart eigendum.